

Tillaga Í-lista og B-lista að ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær segir sig hér með úr Byggyðasamlagi um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum (Bsvest). Jafnframt óskar Ísafjarðarbær eftir áframhaldandi samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum, utan BsVest, um málefni fatlaðs fólks þar sem horft verði til þess að ná enn betri árangri og þjónustu í þessum umfangsmikla málaflokki.

Frá árinu 2014 hefur farið fram umfangsmikil vinna af hálfu Ísafjarðarbæjar og eftir atvikum BsVest að bæta starf og umgjörð málaflokksins og auka árangur í rekstri og þjónustu. Þessari viðleitni hefur verið framhaldið af Ísafjarðarbæ síðastliðið ár, í samráði við önnur sveitarfélög í BsVest, með mótun tillögu um að Ísafjarðarbær gerist leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðs fólks. Markmiðið með tillögunni var að búa til sterkari fagleg teymi, spara í stjórnunarkostnaði og þjónusta notendur betur fyrir sama fé. Tillagan hefur verið kynnt öðrum sveitarfélögum og fengið töluverða umfjöllun, auk þess sem um hana var rætt á sérstöku málþingi fyrr í þessum mánuði. Það voru því töluverð vonbrigði fyrir Ísafjarðarbæ að önnur sveitarfélög á Vestfjörðum væru enn ekki tilbúin að fara þessa vegferð leiðandi sveitarfélags, ekki síst vegna þess ávinnings sem tillagan sú leið hefur í för með sér fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Það er sannfæring bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að málaflokki verði betur fyrir komið með umræddu fyrirkomulagi og því er rétt að Ísafjarðarbær segi sig úr BsVest og undirbúi að taka rekstur málaflokksins að öllu leiti í eigin hendur.

Samkvæmt 12. grein samþykktu BsVest tekur úrsögn gildi þarnaestu áramót eftir að úrsögn hefur löglega borist. Túlka má 12. grein þannig að úrsögn þurfi að berast aðalfundi BsVest áður en hún telst hafa löglega borist og þannig er líklegt að Ísafjarðarbær verði áfram aðili að BsVest til a.m.k. ársloka 2019 ef ekki semst um annað milli aðildarsveitarfélaganna.